

Stofnanasamningur

milli SFR og Íbúðalánasjóðs um reglur við röðun starfa.

(Samkvæmt 11. kafla í kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs 25. mars 2001 og samkomulag um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs og SFR – stéttarfélags í almannajónustu, dags. 5. mars 2005.)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í starfsmannafélagi ríkisins sem eru í starfi hjá Íbúðalánasjóði hverju sinni. Samkomulagið er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dagsett 25. mars 2001 og samkomulags sömu aðila, dags 5. mars 2005.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- b. að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi,
- c. að launakerfið stuðli að því að tekin verði upp starfsmannaviðtöl/frammistöðumat a.m.k. einu sinni á ári. Skal þeirri vinnu vera lokið fyrir 1. maí ár hvert.

3. Starfaflokkar

Launakerfi Íbúðalánasjóðs byggir á eftirfarandi starfaflokkum.

1. **Skrifstofumaður**
Starfsmaður, sem vinnur almenn skrifstofustörf undir daglegri stjórn annara.
2. **Fulltrúi 1**
Starfsmaður, sem vinnur undir daglegri stjórn annara. Verkefni hans felast m.a. í móttöku viðskiptavina og almennri upplýsingagjöf. Auk þess öflun gagna, umsjón með gögnum, skjalasöfnun o.fl.
3. **Fulltrúi 2**
Starfsmaður, sem hefur sjálfstæða umsjón með ákveðnum verkefnum en vinnur undir daglegri stjórn annara. Verkefni hans felast í úrvinnslu gagna á grundvelli fyrirfram gefinna forsenda laga, reglugerða eða vinnureglna og að leiðbeina viðskiptavinum stofnunarinnar og veita upplýsingar.
4. **Fulltrúi 3**
Starfsmaður, sem hefur sjálfstæða umsjón með ákveðnum málaflokkum og/eða verkefnum en vinnur undir stjórn annara. Verkefni hans felast í sérhæfðri úrvinnslu gagna, sem útheimtir frumkvæði hans og útsjónarsemi.

- 5. Stjórnandi 1**
Starfsmaður, sem hefur sjálfstæða umsjón með ákveðnum umfangsmiklum málaflokkum eða verkefnum. Verkefni hans fela í sér stjórnun, áætlanagerð, skipulagningu og ábyrgð á verkefnum, sem eru jafnvel í daglegri umsjón annara.
- 6. Stjórnandi 2**
Starfsmaður, sem hefur umsjón með starfi annara starfsmanna. Verkefni hans fela í sér stjórnun, áætlanagerð, skipulagningu og samhæfingu við meginmarkmið Íbúðalánasjóðs, útdeilingu verkefna og ábyrgð á verkefnum, sem eru jafnvel í daglegri umsjón annara auk hugsanlegra samskipta við ráðuneyti og samstarfsstofnanir innanlands sem utan.
- 7. Stjórnandi 3**
Starfsmaður, sem hefur umsjón með starfi annara stjórnenda. Verkefni hans fela í sér stjórnun, áætlanagerð, skipulagningu og samhæfingu við meginmarkmið Íbúðalánasjóðs, útdeilingu og ábyrgð á verkefnum deilda, gagnvart yfirstjórn Íbúðalánasjóðs og samskiptum við ráðuneyti og samstarfsstofnanir innanlands sem utan.

4. Niðurröðun í launaflokka

4.1 Grunnröðun

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera lágmarkslaun fyrir hvern starfaflokk.

Skrifstofumaður 1	04
Fulltrúi 1	08
Fulltrúi 2	11
Fulltrúi 3	14
Stjórnandi 1	17
Stjórnandi 2	20
Stjórnandi 3	24

Fyrir 1. maí ár hvert skal liggja fyrir hvaða starfsmenn, sem ekki eru ráðnir sem launaðir staðgenglar, gegna störfum yfirmanna í forföllum þeirra.

Að öðru leiti er vísað til ákvæðis 9. kafla í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs um afleysingar

4.2 Menntun

- a. Starfsmaður, sem lokið hefur menntun, sem nýtist í starfi, og ekki hefur verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal ráðast hærra en að framan greinir, skv. eftirfarandi:
 - 1 launaflokki til viðbótar vegna náms í 1 skólaár umfram skólaskyldu.
 - 1 launaflokki til viðbótar vegna náms í 4 skólaár umfram skólaskyldu.
- b. Starfsmaður, sem lokið hefur einingum á háskólastigi, sem nýtist í starfi, og ekki hefur verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal ráðast hærra en að framan greinir, skv. eftirfarandi:

- 1 launaflokk vegna 30 eininga náms, sem samsvarar einu skólaári.
- c. Starfsmaður, sem lokið hefur viðurkenndri starfsmenntun eða námskeiðum, sem nýtist í starfi, skal fá metið til launaflokkana allt að 200 kennslustundir skv. eftirfarandi:
- 1 launaflokk eftir 60 kennslustundir.
 - 1 launaflokk til viðbótar eftir 120 kennslustundir.
 - 1 launaflokk til viðbótar eftir 200 kennslustundir.
- Meta skal námskeið sem starfsmaður hefur lokið á síðastliðnum 5 árum. Hækkunar vegna starfsmenntunar eiga eingöngu við um þá starfsmenn sem grunnraðast í launaramma upp í stjórnandi 1. Starfsmaður með löggildingu, sem nýtist stofnuninni í viðkomandi starfi, t.d. verðbréfamíðlun, heimild til fasteignasölu eða réttindi til að gera eignaskiptasamninga, skal raðast 1 launaflokki hærra en ella.
- d. Starfsmaður sem sækir fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skv. heimild stofnunarinnar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun stofnunarinnar, skal halda reglubundnum launum á meðan.

4.3 Starfsreynsla

Meta skal þá auknu starfsreynslu sem starfsmaður öðlast í starfi með eftirfarandi hætti:

- a. Eftir 3 mánuði í starfi hjá Íbúðalánasjóði skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
- b. Eftir 1 ár í starfi hjá Íbúðalánasjóði skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
- c. Eftir 3 ár í starfi hjá Íbúðalánasjóði skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
- d. Eftir 6 ár í starfi hjá Íbúðalánasjóði skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
(Fá sem hafa verið í starfi síðan 1997)
- e. Eftir 10 ár í starfi hjá Íbúðalánasjóði skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
- f. Meta skal sérstaklega fyrri starfsreynslu hjá öðrum fyrirtækjum/stofnunum, sem nýtast í starf hjá Íbúðalánasjóði
- g. Vegna ósamræmis í eldri launaflokkatöflu í D-flokki skulu þeir starfsmenn sem komnir voru í D-10 flokk eða hærra, fá við fyrstu starfsaldurshækkun frá samningi þessum, tvo launaflokka í stað eins. Eftir það verða aldrusflokkahækkunar í samræmi við lið a)-g).

4.4 Mat á einstökum störfum

Við röðun starfs í launaflokk umfram það sem greitt er í liðum 4.1 til 4.3 skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar en grunnröðun gefur tilefni til, s.s.:

- starfið felur í sér ólík og mörg verkefni
- starfið felur í sér samskipti við þá viðskiptavini sjóðsins sem komnir eru í greiðsluferfiðleika
- starfið felur í sér reglubundna skýrslugerð til /stjórnenda/stjórnar
- starfið felur í sér kennslu/leiðbeiningar til annarra starfsmanna
- starfið felur í sér sérstaka ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir meiri viðvera en almennt gerist innan stofnunar
- starfið felur í sér þátttöku í ákvörðunum er varða fjármuni sjóðsins

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð

4.5 Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna

Við röðun starfsmanns í launaflokk umfram það sem greitt er í liðum 4.1 til 4.4 skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

- Starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu
- Starfsmaður sýnir sérstaklega góðan árangur í starfi
- Starfsmaður sýnir sérstakan áhuga og frumkvæði í starfi
- Starfsmaður sækist eftir að afla sér símenntunar
-

5. Gildistaka

Launaflokkabreytingar nýs stofnanasamnings taka gildi 1. maí 2006.

6. Endurskoðun

Endurskoðun samnings þessa ber að gera eins og kveðið er á um í 11.4.1. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 25. mars 2001 og í 15. grein samkomulags um breytingar á kjarasamningi, dags 5. mars 2005.

Reykjavík 1. júní 2006



f.h. Íbúðalánasjóðs,



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNATJÓNUSTU

f.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana,

Samkomulag SFR og Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður og SFR hafa gert með sér samkomulag vegna eftirfarandi bókunar.

“Vegna bókunar 2 með kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra um jafnréttismál skal bent á að fjárlög gera ráð fyrir 1,2% hækkun launakostnaðar 1. maí nk. vegna bókunarinnar. Launabæting frá 1. maí 2007 vegna launa SFR félaga er því 2,0% skv. grein 1.1.8 og 1,2% til viðbótar vegna jafnréttisbókunarinnar, eða samtals 3,2%.”

Samkomulagið hljóðar upp á að grunnröðun allra starfa hjá SFR verði hækkuð um einn launaflokk, en hvert launaflokkaprep hjá SFR er 3,02%. Þessu til viðbótar hafa á síðasliðnum mánuðum verið gerðar nokkrar breytingar í endurmati launa hjá einstaka starfsmönnum og starfssviðum og er það metið sem svo að það fylli upp í samtals 3,2% hækkun SFR félaga.

Grunnröðun starfaflokka hjá ÍLS verður því eftirfarandi :

Skrifstofumaður 1	05
Fulltrúi 1	09
Fulltrúi 2	12
Fulltrúi 3	15
Stjórnandi 1	18
Stjórnandi 2	21
Stjórnandi 3	25

Reykjavík 11. maí 2006

f.h. SFR

f.h. Íbúðalánasjóðs

Kolbrún Kristinsdóttir
trúnaðarmaður B-21

Guðmundur Bjarnason
framkvæmdastjóri

Unnur Sævarsdóttir
trúnaðarmaður Skr.

Ásta H. Bragadóttir